

Samfélagsfræði

Kennarar: Hildur Karlsdóttir; Ingunn Óladóttir

6

Skólaárið

2025 - 2026

Helstu námsþættir vetrarins

25.08 – 05.06 Lífsleikni

01.09 – 28.11 Snorri Sturluson

01.12 - 18.12 Trúarbragðafræði

05.01 – 10.04 Norðurlönd

13.04 – 13.05 Sögueyjan

Kennsluskipulag vetrarins með fyrirvara um breytingar

Lífsleikni: Skólaárið hefst á því að nemendur finna gildi fyrir sáttmálasamning árgangsins og unnið verður með hlutverk nemenda, kennara og skólaliða. Lífsleikni og bekkjarfundir eru fastir liðir tvisvar í viku yfir skólaárið. Unnið verður með Uppeldi til ábyrgðar og tekið fyrir mitt og þitt hlutverk, sáttmáli, T-spjöld úr sáttmála, óskaveröld, lífsvagninn, sáttaleiðir og skýr mörk. Einnig verður fjallað um vaxandi hugarfar og einkenni góðra námsmanna. Valin verkefni úr lífsleikniefni fyrir 6.bekk og efni frá KVAN.

Snorri Sturluson: Sagan lesin á 5 vikum og lykilorð skráð meðfram lestrinum (kennari skráir). Nemendur vinna verkefni í tengslum við viðfangsefni tímans. Verkefnum er safnað í vinnubók. Nemendur setja upp leikþátt sem unnið verður í i-movie.

Trúarbragðafræði: Teknar verða fyrir hátíðir í ólíkum trúarbrögðum, unnið með þær og nemendur kynna hátíðirnar fyrir hvort öðru.

Norðurlönd: Nemendur undirbúa sig fyrir tíma með því að lesa heima í lessbókinni Norðurlönd, í byrjun tíma verður efnið rifjað upp og í framhaldi vinna nemendur valin verkefni í vinnubók sem fylgir lesbókinni. Eftir að hafa farið yfir námsefnið vinna nemendur hópverkefni á sex vikum þar sem hópunum er úthlutað land til að fjalla um.

Sögueyjan: Farið verður yfir valda þætti sem gerast á tímabilinu og svara nemendur spurningum jafnóðum inni á Classroom.

Námsaðlögun

Nemendur vinna allir að sömu verkefnum en fá viðfangsefni við hæfi þar sem tekið er tillit til ólíkra styrkleika. Í crome bókunum geta nemendur fengið texta lesinn fyrir sig og einnig lesið inn texta sem breytist í ritað mál.

Unnið í minni hópum þegar stuðningur er í kennslu.

Námsmat

Lífsleikni:

Snorri Sturluson: Verkefnabók verður metin og afrakstur leikþáttar ásamt samvinnu við gerð leikþáttarins.

Trúarbrögð: Kennarar meta hópverkefni og kynningu á hátíð sem tilheyrir ákveðnu trúarbragði.

Norðurlönd: Metin verða verkefni sem unnin eru meðan farið er yfir námsefnið. Einnig verður afrakstur hópavinnu/eikþátta metinn ásamt samvinnu. Lagt verður fyrir próf þar sem nemendur merkja inn á kort Norðurlöndin, höfuðborgir og aðrar stórar borgir ásamt fánum landanna. Kennarar merkja við kvarða á meðan vinnu stendur og einnig munu nemendur meta hvorn annan.

Sögueyjan: Nemendur svara spurningum úr námsefni inni í Classroom og verða svörin metin á kvörðum sem birtast þar.

Námsgögn

Lífsleikni: Sjálfsþekking og sjálfsstjórn, Lífsleikniefni fyrir 6.bekk, Valið efni frá KVAN, Uppeldi til ábyrgðar (valið efni).

Snorri Sturluson: Snorrasaga, verkefni frá kennara.

Trúarbrögð: Myndbönd af U-tube um trúarbrögð

Norðurlönd: Norðurlönd (lesbók) og Norðurlönd (vinnubók), efni af vef.

Sögueyjan: Glærur frá kennurum og verkefni á Classroom.